

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalavörður
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. maí 2018
2018040028/42-1-1
TB
tb

Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425. mál.

Mörg undanfarin ár hefur það verið augljóst að nauðsynlegt hefur verið að koma á skipulagi fyrir haf- og strandsvæði vegna ólíkra hagsmuna s.s. fiskveiða, fiskeldis, kræklingældis, efnistöku, ferðapjónustu og ýmissa verndarhagsmuna. Náttúrufræðistofnun fagnar því að framangreint frumvarp hefur verið lagt fram og telur mikilvægt að það nái fram að ganga.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um ráðgefandi aðila. Í greininni segir m.a.: „Fagstofnanir sem fara með málaflokka er varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum skulu vera svæðisráðum og Skipulagsstofnun til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Þessum aðilum ber að leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og strandsvæðaskipulags samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir.....” Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að ríkisstofnunum sé gert að leggja fram þau gögn sem þær búa yfir og jafnframt að stofnanir hafi ráðgefandi hlutverk eins og þeim er almennt ætlað samkvæmt nügildandi lögum. Það er þó augljóst að hér er um að ræða nýtt viðfangsefni sem getur krafist töluverðrar vinnu, sem ekki er gert ráð fyrir í dag, ef t.d. á að útbúa gögn svo þau henti fyrir skipulag tiltekinna haf- og strandsvæða. Í greinargerð frumvarpsins þar sem fjallað er um kostnaðaráhrif þess er ekki beint fjallað um kostnað sem getur fallið á ráðgefandi aðila, en gert ráð fyrir að Skiplagsstofnun fái 40 milljónir króna vegna aðkeyprtar sérfræði- og rannsóknarþjónustu. Hér hefði mátt vera skýrara hvernig ráðgefandi aðilar eiga að fjármagna vinnu sem ekki er hluti af núverandi hlutverki þeirra.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

